

345. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**Mættir:**

Júniana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 15. nóvember 2023, varðandi drög að reglum um akstursþjónustu sveitarfélaganna.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu málsins en fela bærarstjóra og bæjarritara að skoða þær í samvinnu við hin sveitarfélögin sem um ræðir.
- 2) **Kaupsamningur við Þb. Leikklúbbs Hellissands, um kaup Snæfellsbæjar á hlut leikklúbbsins í Snæfellsási 2 á Hellissandi.**
Bæjarráð samþykkti framlagðan kaupsamning samhljóða.
- 3) **Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 15. nóvember 2023, varðandi endurnýjun á undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.**
Þetta mál er í vinnslu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- 4) **Bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 10. nóvember 2023, varðandi ábendingu til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.**
Bæjarráð telur rétt að fjölga gjalddögum fasteignagjalda úr 8 í 10 á árinu 2024.
Bæjarráð staðfestir að öðru leyti tillögu að gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 6) **Styrkveitingar Snæfellsbæjar á árinu 2024.**
Bæjarráð staðfestir tillögu að styrkveitingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa henni til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 7) **Tillaga að fjárfestingum Snæfellsbæjar á árinu 2024.**
Tillaga kom um að hækka framlagið til leikskólans vegna almennra framkvæmda úr 10 millj. í 15 millj.
Tillagan var samþykkt samhljóða.
Bæjarráð staðfestir að öðru leyti tillögu að fjárfestingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og samþykkti samhljóða að vísa henni til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 8) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024
- 9) **Þriggja ára áætlun A- og B-hluta stofnana Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bærarstjórn.
- 10) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri fór yfir raforkumál.
 - b) Bærarstjóri sagði frá stöðunni með Ólafsbraut 23.


FS AU
20

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10


Jónína Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lílja Ólafardóttir, bæjarritari